

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/66**  
**komudagur 28.10.2013**

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík 28. október 2013

**Efni: Umsögn til laga um tekjuaðgerðir fjárlagafrumvarps 2014 (tekjuskattur, virðisaukaskattur, skattar á fjármálafyrirtæki o.fl.), 2. mál.**

Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir frumvarp til laga um tekjuaðgerðir fjárlagafrumvarps 2014 (tekjuskattur, virðisaukaskattur, skattar á fjármálafyrirtæki o.fl.), mál 2 og vilja koma eftirfarandi umsögn á framfæri.

***Virðisaukaskattur***

Samtökin fagna því að ákvæði til bráðabirgða X, í lögum 50/1988, skuli framlengt en ákvæðið snýst um tímabundna endurgreiðslu á vsk. við innflutning á hópþifreiðum og var lagt fram í upphafi sem hvatning til endurnýjunar á hópþifreiðaflota hér á landi. Endurnýjunin er bundin því að vélar þeirra bíla sem um ræðir séu samkvæmt EURO5 staðli og telja SAF gríðarlega mikilvægt að sá staðall gildi áfram.

Samtökin benda á að kaup á hópþifreiðum fara iðulega fram á haustmánuðum og hefur samþykkt á framlengingu ákvæðisins á lokadögum þings í desember haft í för með sér að pantanir hafi verið gerðar í miklu flýti og kostað meiri gjaldeyrisútlát en þurfa þykir. Samtökin leggja því til að framlengingin verði til loka ársins 2015 í stað 2014. Þessi háttur var á vorið 2012 þegar núverandi ákvæði var framlengt.

Virðingafyllst

Gunnar Valur Sveinsson